

Lagt er til að Umhverfis- og framkvæmdaráð Reykjanesbæjar feli sviðsstjóra viðeigandi sviðs að framkvæma heildstæða úttekt á gangstígakerfi sveitarfélagsins og leggja niðurstöður fyrir ráðið ásamt tillögum að úrbótum og forgangsörðun verkefna.

Markmið úttektarinnar verði að greina ástand, öryggi, aðgengi og virkni gangstígakerfis sveitarfélagsins með það að leiðarljósi að efla ferðamáta, bæta umferðaröryggi og styrkja tengingar milli íbúðahverfa, skóla, þjónustu og almenningssamgangna.

Í úttektinni verði sérstaklega fjallað um:

1. Ástand gangstíga

- Kortlagningu á skemmdum, slitlagi, sigi, sprungum og öðrum þáttum sem hafa áhrif á öryggi og notagildi gangstíga.
- Forgangsörðun viðhalds- og endurbótaverkefna.

2. Tengingar við skóla og aðrar lykilþjónustur

- Mat á tengingum gangstígakerfis við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla.
- Greining á því hvort öruggar og greiðfærar gönguleiðir séu fyrir börn og ungmenni til og frá skóla.

3. Tengingar milli hverfa

- Greining á samfellu gangstígakerfisins milli íbúðahverfa. Þá sérstaklega Ásahverfis
- Kortlagning á stöðum þar sem tengingar vantar eða eru ófullnægjandi.

4. Umferðaröryggi

- Mat á öryggi gangandi vegfarenda við gatnamót, þveranir og umferðarpung svæði.
- Greining á stöðum þar sem þörf er á úrbótum, svo sem bættri lýsingu, hraðalækkandi aðgerðum eða öruggari þverunum.

5. Merkingar og leiðsögn

- Yfirferð á merkingum, leiðbeiningaskiltum og öðrum upplýsingum fyrir gangandi vegfarendur.
- Mat á þörf fyrir nýjar eða bættar merkingar.

6. Aðgengi fyrir alla

- Mat á aðgengi fatlaðs fólks, eldri borgara og annarra hópa sem hafa sérstakar þarfir hvað varðar samgöngur.
- Tillögur að úrbótum þar sem þörf er á.

7. Tengingar við almenningssamgöngur

- Mat á aðgengi gangandi vegfarenda að biðstöðvum Strætó og annarra almenningssamgangna.
- Greining á hvort öruggar, samfelldar og vel merktar gönguleiðir liggi að helstu biðstöðvum.

- Kortlagning á stöðum þar sem skortur er á tengingum milli gangstígakerfis og almenningssamgangna.
- Mat á því hvernig núverandi stígakerfi styður við notkun almenningssamgangna og virkra ferðamáta.
- Að tengingar almenningssamgangna við þjónustakjarna sé fullnægjandi.

8. Tillögur að úrbótum sem geta aukið öryggi en ekki tæmandi listi.

- Göngustígur fyrir aftan Leikskólann Skógarás, hefur ekki verið lagfærður eftir að leikskólinn var stækkaður
- Göngustígur frá Faxabraut gegnum Háaleiti og að Grænulaut
- Göngustígar meðfram sjónum við Innri Njarðvík frá Hákotstanga austur með Brekadal úpplýstir
- Göngustígur gegnum Hlíðarveg 32 að Hjallavegi
- Göngustígur frá Holtsgötu að Hólagötu nær Bolfót, órækt og fullt af drasli.
- Göngustígur frá Svölutjörn að Tjarnabraut, niðurgengið gras að gangbraut.
- Talsvert vantar uppá frágang og tengingar í Brekadal

Greinargerð

Gangstígakerfi Reykjanesbæjar er mikilvægur hluti af samgönguinnviðum sveitarfélagsins og gegnir lykilhlutverki í daglegum ferðum íbúa, ekki síst barna og ungmenna á leið til og frá skóla. Á sama tíma er mikilvægt að tryggja að gangstígakerfið styðji við örugga og skilvirka notkun almenningssamgangna og tengi saman íbúðahverfi, þjónustu, skóla og útivistarsvæði.

Með úttekt á gangstígakerfi bæjarins fengist nauðsynleg staða á ástandi þess, öryggi og almennt virkni. Niðurstöður vinnunar ætti að skapa mikilvægan grunn fyrir forgangsöröðun viðhaldsverkefna, framtíðaruppbyggingu innviða og aðgerðir til að efla umferðaröryggi og samgöngur fyrir hverfin í Reykjanesbæ.

Einar Þór Guðmundsson

Fulltrúi í Umhverfis- og framkvæmdaráði Reykjanesbæjar.